



Ingibjörg Ólafsdóttir, nýkjörinn stjórnarformaður Birtu og hóteltjóri á Radisson Blu Saga Hotel, með starfsfólki (og Matvís-félögum) í eldhúsi nýs veitingastaðar, Mímis, á jarðhæð Hótel Sögu. Frá vinstri: Skúli Leifsson matreiðslumaður, Nickolai Ceasarrio matreiðslunemi, Snædís Xyza Mae Ocampo Jónsdóttir matreiðslumaður, Dagný Hammer matreiðslunemi og Ingibjörg. Á baksíðu er viðtal við stjórnarformann Birtu.

Minni rekstrarkostnaður, meira aðhald, græn spor

Rekstrarkostnaður Birtu lífeyrissjóðs dróst saman um 9,7% á árinu 2018 frá fyrra ári, á föstu verðlagi. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum lækkaði úr 0,22% í 0,19%.


Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri segir að settum markmiðum um hagræðingu og sparnað í rekstri sjóðsins hafi verið náð með aðhaldi á öllum sviðum, án þess að skerða rekstraröryggi sjóðsins á nokkurn hátt.

„Við svörum kalli og sýndum í verki að okkur var alvara þegar við sögðumst ætla að ná að draga úr rekstrarkostnaði. Hvernig gerist þetta?

- Sameining tveggja lífeyrissjóða og tilheyrandi stærðarhagkvæmni skilar sér nú til fulls.
- Við nýtum tæknina til að gera starfsemina skilvirkari og bætum jafnframt þjónustuna enn frekar. Fleiri sjóðfélagalán eru afgreidd en nokkru sinni áður, á skemmri tíma en áður. Stafræn samskipti spara sjóðfélögum sporin og einfalda starfsfólki okkar verkin.
- Starfsfólkið afgreiddi um 2.000 lífeyrismál í fyrra. Alls fá um 13.700 manns lífeyri frá Birtu og stöðugt fjölgar í þeim hópi.
- Sjóðurinn afgreiðir með öðrum orðum mun fleiri erindi en áður og sinnir sjóðfélögum vel án þess að það bitni á gæðum þjónustunnar.

- Öllum steinum er velt við í starfseminni og stórum atriðum og smáum breytt í þágu sparnaðar og grænnar umhverfisvitundar. Sumt virðist léttvægt eitt og sér en safnast þegar saman kemur.

Græn spor og grænt rekstrarbókhald Birtu mun leiða til enn frekari hagræðingar, um það er ég alveg sannfærður. Við sýnum græna ábyrgð í verki með því að sóa ekki orku á vinnustaðnum, flokka úrgang og endurnýta eftir föngum, draga úr pappírnotkun, farga spilliefnum á viðeigandi hátt og nota umhverfisvænar vörur.“



„Hrikalegri skerðingu lífeyris ríkisins verður að linna“

Jakob Tryggvason, fráfarandi stjórnarformaður Birtu, gagnrýndi skerðingu lífeyris almanna-trygginga harðlega á ársfundi sjóðsins. Hann sagði að skerðing lífeyris frá ríkinu hefði beinlínis skaðleg áhrif á lífeyrissjóðakerfið.

„Þannig tel ég hafið langt yfir allan vafa að skerðing lífeyris almannatrygginga stórskaði ímynd lífeyrissjóðakerfisins. Óánægjan kraumar og nú heyrir spurt aftur og aftur: Hvers vegna borgum við yfirleitt í lífeyrissjóði þegar ríkið refsar okkur með því að hirða af okkur lífeyrinn frá Tryggingastofnun? Dettur einhverjum í hug að lífeyrissjóðir hefðu á sínum tíma fengið brautargengi með fögnuði og húrrahrópum ef fylgt hefði sögu að lífeyrir úr þeim kostaði þessa hrikalegu skerðingu í almannatryggingakerfinu sem þúsundir manna upplifa nú á eigin skinni og buddu? Þessu verður að linna og sérstakt fagnaðarefni er að Landssamtök lífeyrissjóða taka nú undir með þeim sem krefjast breytinga.“

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri tekur undir þessi orð Jakobs og bætir við:

„Fjármálaráðherra sagði á dögunum að í ráðuneyti sínu væri hafin vinna til undirbúnings heildarendurskoðunar gildandi laga um lífeyrissjóðakerfið. Ég tala fyrir því að kerfið verði endurhannað og leitað ráða hjá Alþjóðabankanum í þeirri vinnu. Hugmyndafræði og reynsla bankans væri góður vegvísir og reyndar gagnlegt fyrir bæði forystusveit Íslenska kerfisins og sérfræðinga bankans að skiptast á skoðunum og bera saman bækur sínar.“



Ívar Orri Guðmundsson, sigurvegari í múraraíðni á Íslandsmóti iðngreina í Laugardalshöll í mars 2019.



Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs fór fram 11. apríl síðastliðinn.

Desembermánuður dró niður ávöxtun ársins

Nafnávöxtun eigna samtryggingardeildar Birtu var 5,04% á árinu 2018 og hrein raunávöxtun 1,74%. Á ársfundi sjóðsins kom fram að „afkoman væri vissulega undir væntingum en teldist samt viðunandi í ljósi þess hvernig árinu lauk á fjármálamörkuðum.“

Það stefndi í það langt fram eftir ári að hrein raunávöxtun Birtu yrði 4-5%. Aðstæður á erlendum og innlendum fjármálamörkuðum versnuðu hins vegar skyndilega í desember og gengi íslenskrar krónu styrktist á sama tíma, með þeim afleiðingum að ársmeðaltal ávöxtunar snarlækkaði.

Dýfan fyrir jól varði stutt. Ástandið færðist í fyrra horf strax í janúar og febrúar en það var vitaskuld of seint til að hafa áhrif á ávöxtunartölur ársins 2018.

Niðursveiflan í desembermánuðinum setti mark sitt á afkomu lífeyrissjóða yfirleitt, íslenskra sem erlendra. Afkoma lífeyrissjóða í Hollandi var til að mynda að jafnaði enn lakari en þeirra íslensku á árinu 2018.

Hrein raunávöxtun Birtu tíu undanfarin ár er 3,3% eða með öðrum orðum rétt undir 3,5% ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða.

Kynning fyrir þá sem nálgast töku lífeyris

Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga sem nálgast töku lífeyris verður haldinn mánudaginn 27. maí kl. 17 í sal Rafiðnaðarskólans að Stórhöfða 27, 110 Reykjavík.

Sjóðfélagar geta þar kynnt sér lífeyrisréttindi almennt og fengið ýmsar upplýsingar sem hjálpa við að ákveða hvenær þeir hefja töku lífeyris.

Boðað verður til fundarins með bréfi til þeirra sjóðfélaga sem verða 64 ára á árinu 2019.

Áhugasamir geta líka skráð sig til fundar með því að hringja í síma 480 7000 eða senda tölvupóst á birta@birta.is

Helstu tölur úr ársreikningi 2018

- Lögjaldagreiðslur til samtryggingardeildar námu 16.339 millj. kr. á árinu 2018 og voru virkir sjóðfélagar 16.284.
- Lífeyrisgreiðslur til samtryggingardeildar námu 10.492 millj. kr. árið 2018, sem er 9,4% aukning frá fyrra ári.
- Alls fengu 13.789 einstaklingar greiddan lífeyri úr samtryggingardeild.
- Á árinu voru 1.366 sjóðfélagar sem hófu töku eftirlaunalífeyris, 347 nýir örorkulífeyrisþegar og 220 nýir makalífeyrisþegar.
- Rekstrarkostnaður sjóðsins lækkaði frá fyrra ári um 9,7% á föstu verðlagi og nam 716 millj. kr. á árinu.
- Nafnávöxtun sjóðsins reiknuð á ársgrundvelli var 5,04% og raunávöxtun 1,74%.
- Hrein eign séreignardeildar var 14,7 millj. kr. í árslok 2018 og jókst um tæplega 985 milljónir króna frá árinu áður.
- Tryggingafræðileg staða í árslok 2018 var -3,86%.

Birta gæti fjármagnað nýbyggingu Tækniskólans

„Birta er það stöndugur lífeyrissjóður að hann þarf hvorki að taka viðbótaráhættu né veita afslátt af arðsemiskröfum til að fjármagna byggingu nýs húss fyrir Tækniskólann,“ sagði Jakob Tryggvason, fráfarandi formaður stjórnar Birtu á ársfundi lífeyrissjóðsins í vor.

Óhætt er að segja að ummælin hafi vakið athygli sjóðfélaga í salnum. Jakob sagði að Birta og forverar hennar hefðu vissulega fjárfest í iðngreinum og í stórum iðnfyrirtækjum á borð við Marel, uppskorið þannig góða ávöxtun og stóreflt um leið tækni á Íslandi. Nú treysti sjóðurinn sér vel til að annast einn lánsfjármögnun stórra framkvæmda og nefndi Tækniskólann sérstaklega enda væri slík framkvæmd í þágu verk- og tæknimenntunar í landinu og þar með „samfélagsverkefni í besta skilningi.“

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segir að nú séu ræddir ýmsir kostir til að „láta eignir lífeyrissjóðsins vaxa en hafa um leið jákvæð áhrif á samfélagið“. Einkum sé horft til þess að fjármagna skólahús eða ýmsa innviði samfélagsins. Þar kreppi víða að. Sveitarfélög standi til dæmis frammi fyrir fráveituframkvæmdum sem þau ráði illa eða alls ekki við nema þær verði fjármagnaðar til langs tíma. Þar geti öflugur lífeyrissjóður á borð við Birtu komið til og veitt framkvæmdalán til langs tíma.

Það er einfalt að sækja um lán á birta.is

Birta er fyrsti lífeyrissjóðurinn sem tekur í gagnið rafrænt geiðslumat með sjálfsafgreiðslusniði í samstarfi við CreditInfo.

Þessi þjónusta býður upp á sjálfvirk greiðslumót sem spara umsækjendum bæði mikla fyrirhöfn í formi gagnaöflunar og eins mikinn tíma.

Með þessu móti gefst sjóðfélögum kostur á að sjá bráðabirgðaniðurstöðu greiðslumats síns á örfáum sekúndum heima, þegar þeim hentar, með mjög einföldum hætti. Þannig geta sjóðfélagar í kjölfarið valið sér lán í samræmi við greiðslugetu sína.

Kynntu þér málin á birta.is



Jakob Tryggvason á ársfundi Birtu lífeyrissjóðs.



Guðrún Blöndal nemi í málaraíðni í Tækniskólanum.

Nýr stjórnarformaður Birtu ólst upp á Hótel Sögu og stýrir þar góðu búi

„Hótel Saga var um árabíl toppurinn, flottasta hótelið á Ísland og rómað fyrir þjónustu, aðbúnað og allt sem máli skiptir fyrir gesti. Við ætlum að koma því á ný í fremstu röð, trúðu mér!“

Svo mikill sannfæringarkraftur fylgir þessum orðum Ingibjargar Ólafsdóttur að þau jafngilda skuldbindingu um að draumur verði að veruleika og það fyrr en síðar. Hún tók við hóteltjórn á Sögu í byrjun árs 2012, er sömuleiðis nýkjörin formaður stjórnar Birtu lífeyrissjóðs og var áður í stjórn Stafa lífeyrissjóðs. Nú er hún að hefja áttunda og síðasta árið sitt í stjórn lífeyrissjóðs, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins og stjórnarformaður í fyrsta sinn.

Svo er Ingibjörg einnig varaformaður stjórnar Samtaka ferðaþjónustunnar. Erna Hauksdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri þeirra samtaka stakk upp á því á sínum tíma að Ingibjörg gæfi kost á sér til stjórnarsetu í Stöfum. Þá var Ingibjörg nýflutt til Íslands eftir að hafa stýrt hótélum í eigu þriggja fyrirtækja þeirri grein, hverju á fætur öðru. Fyrst Radisson, svo Holiday Inn og loks Park Plaza.

Dýrmæt stjórnarreynsla í Birtu

„Ég þekkti lítið til starfsemi lífeyrissjóða en sló til, ekki síst vegna þess að ég þekkti til Ólafs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Stafa og núverandi framkvæmdastjóra Birtu. Hann er vandaður maður og fær í sínu fagi og ég taldi víst að sjóðfélagar Stafa væru vel settir með hann í forystu og stjórn sjóðsins sömuleiðis. Það kom líka á daginn.

Stjórnarreynsla í lífeyrissjóði er góð og dýrmæt. Miklar kröfur eru gerðar til okkar í stjórninni og þannig á það líka að vera. Við berum ábyrgð á rekstri og fjárfestingum og finnum mjög til ábyrgðar í því hlutverki að ávaxta sem best ævisparnað fjölda fólks. Stjórnarstörfum fylgir heilmikill lestur skjala og skýrslna og mér finnst ágætt að kúpla mig út úr hótélheiminum til að takast á við áskoranir í Birtu.

Samstarfið gengur afar vel, stjórnarmenn skiptast á skoðunum og komast yfirleitt alltaf að sameiginlegri niðurstöðu. Það gerist sárásjaldan að okkur greini umtalsvert á um til dæmis fjárfestingarkosti og stjórnin vinnur með starfsfólkinu sem einn samhentur hópur í þágu sjóðfélaganna. Við erum ekki í þessu sem fulltrúar atvinnurekenda og launafólks nema að forminu til.

Stundum finnst mér nýju verkalyðsforingjarnir tala ógætilega og ómaklega um lífeyrissjóðakerfið og lýsa sig til dæmis andvíga því að atvinnurekendur skipi fulltrúa sína í stjórnir sjóðanna. Slík umræða er í besta falli yfirborðskenn þar sem mismunandi reynsla og þekking er nauðsynleg inn í stjórnina. Lífeyrissjóðakerfið varð til í kjarasamningum og er á ábyrgð heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks. Lífeyrissjóðirnir sitja oft undir ómaklegri gagnrýni sem í raun tengist aðkomu stjórnvalda. Stjórnarfyrrirkomulagið er farsælt og hæfir hlutverki lífeyrissjóðanna.“

Hóteltjórinn hellir sér út í markaðsmálin

Ingibjörg ólst nánast upp á Hótel Sögu og þekkir þar hvern krók og kima fyrr og síðar. Móðir hennar starfaði í veitingadeild hótelsins og sjálf byrjaði hún í gestamót-tökunni 1984. Fjölskyldan bjó í Vesturbæ Reykjavíkur og foreldrarnir héldu yfirleitt upp á brúðkaupsafmælin á Sögu. Þau gistu reyndar þar sjálfa brúðkaupsnóttina og Ingibjörg líka því móðir hennar bar hana þá undir belti!

Hótel Saga skráir því nánast ævisögu nýs stjórnarformanns Birtu og gerir áfram. Ingibjörg á nefnilega margt ógert þar enn. Staðið hafa yfir afar umfangsmiklar breytingar á jarðhæðinni og víðar í hótélbyggingunni. Hamarshögg og skruðningar fylgdu umrótinu en nú er sú tíð að baki og hóteltjórinn hellir sér út í markaðs- og sölumálin.

„Við finnum vel fyrir falli WOW air. Bandarískum gestum snarfækkaði og aprílmánuður var dæmalaust lélegur hjá okkur líkt og hjá ferðaþjónustufyrirtækjum yfirleitt. Gestum frá Mið-Evrópu hefur hins vegar fjölgað nokkuð og við vonumst til að þeim fjölgi enn frekar.

Við viljum markaðssetja frábæra aðstöðu til fundahalda og kynnum Mími, nýjan veitingastað á jarðhæðinni fyrir Íslendingum. Gaman er að sjá þess til dæmis glögg merki að Vesturbæingar líta orðið á Mími sem hverfisveitingahúsið sitt og koma í vaxandi mæli í hádeginu og á kvöldin.“



Ný aðalstjórn Birtu lífeyrissjóðs og einn varastjórnarmaður að loknum ársfundi á Grand hóteli í Reykjavík. Frá vinstri: Guðrún Jónsdóttir, Pálmar Óli Magnússon, Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, Davíð Hafsteinsson, Jakob Tryggvason, Hrönn Jónsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Garðar A. Garðarsson og Hilmar Harðarson. Á myndina vantar varastjórnarmennina Bolla Árnason, Guðbjörgu Guðmundsdóttur og Báru Halldórsdóttur.

Stjórnaði „hjáleigunni“ í 15 ár

Bændasamtökin reistu Hótel Sögu og hafa átt það og rekið frá 1962. Frá 1999 hefur Saga verið rekin sem hluti af Radisson-keðjunni, fyrst samkvæmt stjórnunarsamningi en síðar leyfissamningi. Eignarhald húss og rekstrar er áfram í móðurfélagi bændanna og í mörg ár rak það félag líka og átti Hótel Ísland. Ingibjörg var hóteltjóri þar í 15 ár og stýrði „hjáleigunni“.

Hún prófaði reyndar á árum áður að leysa af í banka og kenndi í tvo vetur á Ísafirði. Svo lauk hún BA-námi í dönsku með þýsku sem aukafag í Háskóla Íslands og vann allan tímann á Sögu með náminu. Hún innritaðist í háskólanám í Þýskalandi en var þar ytra einungis í eitt ár. Hótelið á Melunum togaði alltaf í hana.

„Ég prófaði ýmislegt fleira en að starfa á hóteli og reka hótél en ég held að ég hefði aldrei þrífist í annarri starfsgrein. Hótelbransinn valdi mig frekar en að ég hafi valið hann!“